

Fyrirspurn:

Hér er um gott plagg að ræða að flestu leyti. Þó eru tvö atriði sem ástæða er til að gera athugasemdir við. Annars vegar er það umfjöllun um rafbíla og tækifæri sem bein nýting á raforku í samgöngum á landi skapar héraendis. Hins vegar er það umfjöllun um mögulegan innflutning á lífrænu eldsneyti.

I Rafbílavæðing

Mörg ríki sem ekki eiga vistvæna raforku í jafnríkum mæli og Ísland hafa nú þegar mótað þá stefnu að rafbílar (tvinnbílar eða hreinir rafbílar) eigi að leysa bensín/dísel-bílinn af hólmi á næstu áratugum. Meira að segja olíuríki á borð við Noreg, Bretland, USA o.fl. eru með þessa stefnu, að ekki sé minnst á Kína og Indland. Því er haldið fram hér að rafbílavæðing á Íslandi ætti að vera jafn sjálfsögð og jarðhitavæðing var fyrir 30-40 árum. Það segir sína sögu að almennir rafbílar eru þegar byrjaðir að koma á fjöldamarkað (til annarra nota, eins og pósthutningi og innanbæjarakstri hafa þeir verið notaðir í 90 ár í Bretlandi sbr.

<http://www.smithelectricvehicles.co.uk/>) og bæði í USA og Evrópu eru hreinir rafknúinir fólksbílar valdir bílar ársins 2011!

Eina umfjöllunin í orkustefnunni um rafbíla er að finna í eftirfarandi klausu:

" Hreinir rafbílar eru talsvert notaðir víða erlendis í sértækri notkun, þar sem aksturslengdir eru stuttar og auðvelt að koma við tíðri hleðslu. Þetta á við um ýmis konar atvinnuakstur, svo sem við pósthutur. Unnið er að tilraunum með rafbíla og annars konar visthæfa bíla á Íslandi".

Fór það fram hjá orkunefndinni að rafbílar eru komnir á markað og að þeir munu "flæða" á markað á næstu fimm árum eða svo???

Textinn af ofan hefði getað staðið svona árið 2001! En árið 2011 er þetta fráleit afgreiðsla á möguleikum Íslands á notkun rafmagnsbíla á næstu árum. Til samanburðar fylgir hér tilvísun á slóð í bandaríska orkuráðuneytinu um stefnu alríkisstjórnarinnar í rafbílavæðingu á næstu 4-5 árum, sem birt var í frétt í gær, 26. janúar 2011: <http://www.energy.gov/news/10034.htm>. Hafa verður þó í huga að rafmagnsinnviðir í USA eru afar rýrir miðað við á Íslandi og ekki þyrfti að auka framleiðslu á rafmagni um 1 kwh hér á landi þó allur bílafloki landsins yrði rafknúinn á morgun!

Raunar ættu íslensk stjórnvöld að láta vinna skýrslu um rafvæðingu bílaflokans á hliðstæðan hátt

og gert hefur verið í USA, taka frumkvæði og vera í forystu í þessum málum sjá <http://www.electrificationcoalition.org/electrification-roadmap.php>.

II Innflutningur á lífrænu eldsneyti

Að mínu mati ætti ekki að ræða og því síður framkvæma þennan möguleika. Þótt hugsanlega sé hægt að stilla þessu upp á forsendum einhvers konar sjálfbærni er aukin framleiðsla á lífrænu eldsneyti ekki bara skaðleg heldur stórhættuleg, jafnvel heimsfriðnum. Hafa ber t.d. í huga að ca. 5000 lítra af vatni þarf til að framleiða 1 lítra af lífdísel úr korni um leið og slík framleiðsla er í beinni samkeppni við matvælaframleiðslu. Næsta stórstyrjöld verður um vatn, er stundum sagt, og hækkun á matvælaverði í fátækari hlutum heimsins ógnar ekki bara lífi og afkomu þar heldur líka friði. Ísland á því ekki að láta sér detta í hug að flytja inn lífrænt eldsneyti sem unnið er á þessum forsendum. Raunar er líka spurning hvort við höfum ráð á að láta land hér á landi undir framleiðslu á lífrænu eldsneyti, t.d. til ræktunar repju.

Inngangur í kafla 10.3 þarnast endurritunar með hliðsjón af því sem hér að ofan var sagt. Þar ætti að koma í 2. lið: Auka notkun rafmagns í samgöngum. Síðan á að fella 4. lið niður!